


## Skýrsla stjórnar KFR fyrir árið 2024

Flutt á Aðalfundi KFR fimmtudaginn 13. mars 2025

Síðasti Aðalfundur KFR var haldin 3. apríl 2024. Auk venjulegra aðalfundastarfa var kosin ný stjórn. Formaður hlaut endurkjör og aðrir stjórnarmeðlimir sátu áfram í stjórn. Eina breytingin var að Klara tók við gjaldkerastöðunni af Gunnari Aroni sem varð varamaður, Sandra Sif hélt áfram sem ritari og meðstjórnandinn Jónas Örn hélt áfram og inn kom Elísabeth Lind fyrir Guðrúnu Láru sem gekk úr stjórn eftir nokkra ára starf. Ellert Geir var enn varamaður og er einnig formaður meistaraflokksráðs karla og kvenna, Guðmundur Jónasson kom inn sem gjaldkeri meistaraflokka.



KFR er nú á sínu 28. starfsári en félagið var stofnað veturinn 1997. Félagið sinnir æfingum í þremur sveitafélögum, Rangárþingi eystra, Rangárþingi ytra og Ásahrepp. Tæknilega séð eru líka æfingar á Selfossi á vegum félagsins. Iðkendafjöldi hefur farið ört vaxandi undanfarin ár og eru um 280 leikmenn mæta á æfingar á Hvolsvelli, Hellu, Laugalandi og Selfossi alla virka daga vikunnar og um helgar. Yngri flokka iðkendur eru á aldursbilinu 3-18 ára. Meistaraflokkar karla og kvenna eru aldrinum 17-35 ára, meðalaldurinn er um 21,3 ár. Meistaraflokkur karla spilar í 5. deildinni og meistaraflokkur kvenna er enn í uppbyggingu en tók þátt í Íslandsmóti KSÍ í innanhússknattspyrnu á árinu með fínunum árangri. Hjá félaginu starfa 11 þjálfarar í hlutastörfum og 3 aðstoðarþjálfarar.



Æfingar og keppnisleikir og mót eru í fullum gangi allan ársins hring og ekki tekin pása frá æfingum nema yfir hásumartímenn hjá 10 ára og yngri. Félagið vinnur gríðarlega mikilvægt forvarnarstarf og leggur mikinn metnað í að bjóða iðkendum sínum upp á sem besta þjálfun, æfingar og tækifæri til þess að keppa á landsvísu á vegum knattspyrnufélaga og KSÍ. Allir yngri flokkar KFR taka þátt í Faxaflóamóti yfir vetrartímenn og Íslandsmóti KSÍ yfir sumartímenn. Þeir fara líka allir á lengri mót yfir sumartímenn, eins og Orkumót ÍBV, TM mót ÍBV, N1 mót KA, öll Selfossmótin, Síamótið og Reyccup. Reynt er að fara með 3. flokk karla og kvenna annað hvert ár erlendis á keppnismót. Ekki var farið erlendis á síðasta ári, en stefnt er á Costa Blanca Cup á Benidorm næsta sumar með 3. flokk kvenna og með aðstoð frá eldra ári 4. flokks kvenna. Hafin er vinna við að 3. flokkur karla fari erlendis sumarið 2026. Fimm leikmenn 4. flokks kvenna og 8 leikmenn 4. flokks karla voru sendir af KFR í hæfileikamótun KSÍ og N1.



Stærsta og mest krefjandi áskorun félagsins hingað til hefur verið aðstöðuleysi. Íþróttahúsin eru þéttsetin og lítill sveiganleiki á æfingatímum. Utanhús-knattspyrnuaðstaða hefur verið engin í sýslunni yfir vetrartímenn. Félagið hefur því þurft að stóla á önnur félög til þess að leigja sér velli fyrir æfingar við réttar aðstæður og fyrir keppnisleiki. Það er bæði kostnaðarsamt og mikið þúsluspil. Þarna hefur gervigrasvöllurinn á Selfossi verið okkar helsti kostur og erum við Selfossmönnum þakklát fyrir það samstarf. Rangárþing ytra hefur nú brugðist við margra ára kalli frá okkur og hefur hafið uppbyggingu gervigrasvallar í fullri stærð á Hellu. Sá völlur verður vonandi tilbúinn á þessu ári. Rangárþing eystra hefur líka tekið við sér og samþykkt í sveitastjórn nýlega að unnin verði fullnaðarhönnun og útboðsgögn fyrir hálfan gervigrasvöll á núverandi æfingasvæði við Vallarbraut. Þetta er gríðarlega mikið fagnaðarefni og ákaflega mikilvægt skref sem sveitafélögin eru að taka í átt að eflingu íþróttastarfs í allri sýslunni.

Helstu nýjungar í starfinu voru fríar tækniæfingar í boði fyrir alla iðkendur. Þetta voru aukaæfingar einu sinni í viku þar sem iðkendum gafst kostur á að læra og bæta grunnboltatækni. Æfingarnar hafa því hentað vel þeim sem byrja seinna að æfa knattspyrnu og vilja bæta kunnáttu sína en einnig þeim sem vilja verða enn betri með bolta einstaklingslega. Leikmenn meistaraflokks og þjálfarar 6. flokks karla og 4. flokks kvenna, Helgi Valur og Óðinn eiga heiðurinn af þessum æfingum. Yfir 58 iðkendur eru skráðir núna á tækniæfingarnar og stendur til að þróa þetta áfram í samvinnu við þjálfarana.

Eftir áramót ákvað stjórn KFR að ráða inn yfirþjálfara. Öflugan tengilið milli stjórnar og þjálfara. Einhvern sem þróar og heldur utan um þjálffræði og stefnu félagsins. Hinn reynslumikli þjálfari og einn af feðrum KFR, Viktor Steingrímsson hefur tekið stöðuna að sér fram á haust og bjóðum við hann innilega velkominn aftur til starfa fyrir félagið. Við hlökkum til samstarfsins.

